

og ullarmatsmönnum á námskeiðum og fundum, sem til er stofnað um flokkun og mat á ull.

13. gr.

Yfirullarmatsmaður gefur ullarmatsformanni árlega yfirlit um störf sín í þágu ullarmatsins.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um flokkun og mat ullar nr. 21/1976 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um flokkun og mat á óþveginni ull nr. 108 frá 10. júlí 1944.

Landbúnaðaráðuneytið, 8. desember 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 208/1971 fyrir Þroskaþjálfaskóla Íslands.

1. gr.

14. gr. hljóði svo:

Laun nemenda á öðru námsári skulu vera 50% af launum þroskaþjálfara og nemenda á þriðja ári 75% meðan á námi stendur.

Nemendur sem hófu nám í skólanum haustið 1976, eða síðar skulu ekki taka laun á námstímanum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 53/1967 um fávítastofnanir og öðlast gildi 1. janúar 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um tilnefningu fulltrúa í námsstyrkjanefnd.

1. gr.

Fulltrúar samtaka skólanemenda sem lög nr. 69/1972 ná til skulu tilnefna, af sinni hálfu einn fulltrúa í námsstyrkjanefnd til eins árs, sem hér segir:

- a) Stjórn Landssambands íslenskra menntaskólanema (LÍM) skal tilnefna einn fulltrúa annað hvert ár til eins árs í senn.
- b) Stjórnnum félaga þeirra skóla á höfuðborgarsvæðinu sem ekki eru aðilar að Landssambandi íslenskra menntaskólanema skal gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa annað hvert ár og í fyrsta skipti fyrir árslok 1976.